

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla
2018-2019



Andri Hnikarr Jónsson
Bjarney Guðrún Jónsdóttir
Júní 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Lykilþættir innra mats	4
2. Markmið og matsaðferðir.....	5
3. Sjálfsmat 2017-2018	5
3.1. Kennsla og námsframboð.....	5
3.1.1 Náms og kennsla	5
3.1.2 Kennsla og kennara	6
3.2 Lykilárangur - námsárangur.....	8
3.2.1 Mætingar	8
3.2.3 Einkunnir.....	9
3.2.4 Brottfall.....	9
3.3 Stjórnun og skipulag	9
3.3.1 Stefna og áætlanir	9
3.3.2 Stjórnendur.....	10
3.3.3 Innra mat	11
3.4 Skólabragur.....	11
3.3.2 Líðan nemenda	11
4. Eftirfylgni sjálfsmats	12
4.1 Samantekt.....	12
4.2 Sjálfsmatsáætlun 2017-2021.....	12
4.3 Gátlistar fyrir sjálfsmatsteymi	12
4.4 Eftirfylgni úrbóta	13
Viðauki.....	14
Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá.....	14
Langtímaáætlun fyrir innra mat	15

Fylgiskjöl:

Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá

Langtímaáætlun fyrir innra mat

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum býður upp á einstaklingsmiðað nám þar sem vel er haldið utan um hvern og einn og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Skólinn er lítill heimavistaskóli í sveit með um 80 nemendur sem flestir búa saman á heimavistum skólans. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Skóli er stofnun sem á að vera í stöðugri þróun. Sjálfsmat er einn liður í því að tryggja að svo sé. Sjálfsmatið á að spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Einnig er gagna aflað með spurningalistum og viðhorfsskönnunum innan skólans og niðurstöður opinberra kannana eins og Stofnun ársins og Ungt fólk og framhaldsskóli eru nýttar.

Í upphafi skólaárs 2016-2017 voru gefnar út leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla sem unnið var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þær miða m.a. að því að samræma og styrkja tengsl innra mats skóla við ytra mat Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Vinna sjálfsmatsteymis þessa árs var m.a. fólgin í því að fylgja breyttum áherslum í sjálfsmati skólans í samræmi við þessar leiðbeiningar og byrja að setja fram verklagsferla til að vinna eftir í framtíðinni.

Í kafla 1 er farið yfir þá lykilþætti innra mats sem fram koma í leiðbeiningum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lagðir verða til grundvallar í vinnu við sjálfsmat í Framhaldsskólanum á Laugum.

Kafla 2 er um helstu markmið lykilþátta í innra mati, viðmið og mögulegar matsaðferðir. Þessi kafla er óunninn en sjálfsmatsnefnd hvetur skólastjórnendur til að vinna þennan kafla næsta skólaár.

Kafla 3 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2018-2019. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Kafla 4 snýr að eftirfylgni sjálfsmats. Gerð er stutt samantekt á niðurstöðum, lögð fram sjálfsmatsáætlun til næstu ára og úrbótaáætlun

Í fylgiskjöllum með skýrslunni eru þær kannanir og gögn sem notuð voru við gerð hennar. Einnig drög að verkferlum og gátlistum ásamt langtímaáætlun.

1. Lykilþættir innra mats

Markmið með sjálfsmati er að greina og meta sem flesta þætti skólastarfsins, sjá hvað gengur vel og hvað þarf að bæta.

Sjálfsmatið snýr að fimm lykilþáttum. Þeir eru:

Kennsla og námsframboð:

- Kennarar
- Náms- og kennsla
- Stuðningur við nemendur
- Námsmat
- Námsgögn

Lykilárangur:

- Námsárangur
- Árangur í grunnþáttum
- Langtímaárangur

Stjórnun og skipulag:

- Stefna og áætlanir
- Stjórnendur
- Skipulag, verkferlar og verklagsreglur
- Innra mat

Samskipti og líðan:

- Skólabragur
- Líðan nemenda
- Samskipti í skólastofunni
- Félagslíf nemenda
- Samskipti við foreldra/forráðamenn
- Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Húsnæði og aðbúnaður

- Kennsluhúsnæði
- Mötuneyti og heimavistir

Í sjálfsmatsáætlun er þessum þáttum skipt niður eftir árum. Þó eru nokkrir þættir sem skoðaðir eru á hverju ári, eins og t.d. líðan nemenda, námsárangur og mæting.

2. Markmið og matsaðferðir

Sjálfsmatinu er skipt upp í fimm lykilþætti. Mikilvægt er að í hverjum þætti séu sett fram markmið og viðmið um hvað telst viðunandi í hverju tilviki fyrir sig. Með margvíslegum matsaðferðum er lagt mat á hvort markmiðin hafi náðst eða hvort gera þurfi umbætur. Umbótaáætlun skal lögð fram og henni fylgt eftir.

3. Sjálfsmat 2017-2018

Áfangamat og námsárangur eru þættir sem eru kannaðir á hverju á ári í sjálfsmati. Veturinn 2018-2019 voru áherslupættirnir þeir sem lúta að stjórnun og skipulagi. Kennarar unnu gátlista á námi og kennslu auk þess að leitað var gagna í skýrslum eins og Stofnun ársins og Ungt fólk og framhaldsskólar.

Eftirfarandi niðurstöður sjálfsmats eru unnar úr þeim könnunum og efnisöflun sem fram fór á skólaárinu. Þar er um að ræða eftirfarandi:

- a) Skriflegt áfangamat var lagt fyrir nemendur í 13 áföngum í desember 2018.
- b) Skriflegt áfangamat var einnig lagt fyrir nemendur í 13 áföngum í maí 2019.
- c) Kennarar gerðu mat á kennslu hjá öðrum kennara og skiluðu inn til sjálfsmatsteymis.
- d) Notaðar voru upplýsingar úr skýrslu Framhaldsskólans á Laugum um Ungt fólk og framhaldsskóla.
- e) Rafræn könnun var lögð fyrir stjórnendur í október 2018.
- f) Notaðar voru upplýsingar úr skýrslu um Stofnun ársins er varðar stjórnun skólans.
- g) Heimasíða Framhaldsskólans á Laugum

3.1. Kennsla og námsframboð

Hvert ár er stór hluti mats á kennslu og námi áfangamat sem framkvæmt er inn í áföngum skólans eins og fram kemur hér að ofan.

Áfangamat var lagt fyrir í samtals 13 áföngum á haustönn 2018 og 13 áföngum á vorönn 2019. Leitast var við að meta einn áfanga hjá hverjum kennara á hvorri önn og dreifa þeim yfir mismunandi námsár. Matið var lagt fyrir í fagtímum undir lok annar. Farið var með útprentaðar kannanir í lok fagtímanna og nemendur fylltu þær út skriflega. Einnig var farið með mat á lýðfræðiáfanga sem voru kenndir á haust og vorönn en um er að ræða nýja stóra áfanga á fyrsta ári og verður fjallað um niðurstöður þess mats sérstaklega.


Skólameistari fékk afhentar niðurstöður úr mati allra áfanga, auk þess sem það var sent á viðkomandi kennara í tölvupósti eftir að kennslu lauk.

Auk þess að taka saman niðurstöður hvers áfanga fyrir sig voru teknar saman samanlagðar niðurstöður úr öllum áföngunum. Hafa ber í huga að mismargir nemendur eru í áföngunum og því vege þeir mismikið í heildarniðurstöðu.

3.1.1 Nám og kennsla

Það er markmið FL að kennslan sé fjölbreytt, einstaklingsmiðuð, áhugavekjandi, hvetjandi og uppbyggjandi, skapandi, skipuleg og markviss, í tengslum við nærumhverfið og í takti við tímann.


Spurningar í áfangamati um það hvort markmið, kennsluáætlun og námsmat væri skýrt í upphafi annar komu vel út. 88% nemenda voru sammála því eða frekar sammála sem er örlítil hækkun frá síðustu tveimur árum þar sem þá voru 86% nemenda sammála eða frekar sammála. Breytingin er varla marktæk og má hugsanlega skýra það að sömu kennarar hafa verið við kennslu síðustu árin.




Við skoðum alltaf spurningarnar um hversu vel vinnustofur, fag tímar og námstímar eru nýttir, það er okkar sérstaða og mikilvægt að fylgast vel með hvernig nemendur upplifa þá. Í fyrravetur voru rúmlega 75% nemenda sammála eða frekar sammála um að þeir nýttu fagtíma vel og um 80% nemenda segja að þau séu virkir í þeim tímum. Virkni í fagtímum virðist hafa dalað og mældist nú um 73%. Einnig hefur nýting á vinnustofum/námstímum dalað á milli ára en 75% eru sammála eða frekar sammála að þau nýti þessi tíma vel en í fyrravetur voru það 83%. Ekki hafa verið breytingar á tímum sjálfum en nemendahópurinn er misjafn á milli ára sem gæti skýrt að einhverjum hluta þessa lækkun.

Fjölbreyttar kennsluáðferðir

Í símatsskóla er nauðsynlegt að viðhafðar séu fjölbreyttar kennsluáðferðir og er það eitt af því sem við spyrjum um í áfangamati hvern annar. Síðustu ár hafa 76% nemenda svarað að þau séu sammála eða frekar sammála því að fjölbreyttar kennsluáðferðir séu notaðar. Við fáum sömu tölu út í ár en breytingin er, eins og sjá má á mynd, að hópurinn sem hefur verið sammála hefur minnkað töluvert en sá sem er frekar sammála stækkað.



Vor 2018



Vor 2019

3.1.2 Kennsla og kennarar

Þegar kennarar höfðu heimsótt hvern annan í fagtímum voru lagðir fyrir þá könnun varðandi námstíma og fagtíma. Þar kemur fram að kennarar eru sáttir við námstíma og standandi fundi, þó svo

nýting námstímana megi vera betri. Kennarar eru mjög ánægðir með fagtímana og ef eitthvað er þá mættu þeir vera fleiri.


Eftirfarandi niðurstöður komu frá kennurum ásamt fleiri punktum sem hægt er að skoða nánar í fylgiskjali sem fylgir skýrslunni:

Námstímar

- Það var helst í þessum tímum sem mér fannst nemendur vilja hjálp og þora að biðja um hana.
- Að mínu mati skiptist nemendahópurinn í tvennt varðandi þessa tíma. Sumir nýta þá ekki, hangsa eða skrópa, aðrir nýta þá til að skipuleggja sig og vinna af miklum krafti.
- Ég held líka að það þurfi að kynna betur fyrir nemendum að í námstímum sé ætlast til að þeir læri og þeir beri ábyrgðina sjálfir.
- Stundum erfitt að aðstoða nemendur í mismunandi fögum (sama á við um hóptíma).
- Þegar það eru margir nemendur getur verið erfitt fyrir einn kennara að halda aga og veita aðstoð.
- Mér finnst að það þyrfti að taka ákvörðun um hvort eigi að beina nemendum að lærdómi eða ekki í þessum tímum. Mjög mismunandi hvað kennarar gera.

Hvernig líður þér í námstímum?


Answered: 8 Skipped: 2



Eins og sjá má hér að ofan þá líður kennurum almennt vel í námstímum. Þeim finnst þó nýtingin á tímum ekki fullnægjandi þó meiri hluti kennara séu á því að þeir nýtist almennt vel. (sjá mynd að neðan).

Hvernig nýttast námstímar þér til kennslu?

Answered: 8 Skipped: 2




3.2 Lykilárangur - námsárangur

3.2.1 Mætingar

Eitt af markmiðum varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra, sem leiða mætti til betri námsárangurs. Mæting nemenda er alltaf skráð og fylgst er með henni.

Safnað var gögnum frá fyrri könnunum síðustu ára til að gera samanburð um þróun mætinga. Raunmæting á haustönn 2018 var 76% og á vorönn 2019 var hún 77%.




Eins og sjá má féll raunmæting nemenda eilítið niður á síðasta skólaári og er lægri en árið á undan en svipuð en skólaárið 2017–2018. Áhugavert er þó að sjá að mæting var betri á vorönn heldur en á haustönn, en venjan er að niðurstöður séu á hinn veginn.

Mætingarreglum var breytt fyrir skólaárið 2017–2018 þar sem farið er fram á 85% raunmætingu og veikindi ekki skráð sérstaklega (nema nemandi sé að missa af námsmati) og því eru tölur um heildarmætingu ekki marktækar nema milli síðustu tveggja ára. Ef raunmæting nemanda er lægri en 85% fær viðkomandi viðvörðun og tækifæri til að bæta sig, gangi það ekki eftir þarf nemandinn að

segja sig úr einum áfanga. Nýjar mætingarreglur virðast hafa skila sér í bættem mætingum nemenda fyrsta árið en ekki hefur náðst að halda henni á þeim stað. Ekki er til markmið til lengri tíma en nú eru komnar niðurstöður tveggja ára eftir breytingu og því tækifæri fyrir skólann að setja sér ný markmið um mætingar.

3.2.2 Einkunnir

Það er markmið Framhaldsskólans á Laugum að námsárangur nemenda sé góður.



Á haustönn 2018 var meðaleinkunn 6,4 og á vorönn 2019 var hún 6,3. Eins og sjá má hefur meðaleinkunn farið stíglækkandi frá því haustið 2017. Nauðsynlegt er að skoða hverjar afleiðingarnar eru og reyna að breyta þeirri þróun. Bent var á í síðustu skýrslu að markmið uppá meðaleinkunn 7,6 væri eftirvill óraunhæft ef tekið er mið af meðaleinkunn síðustu ára. Ekki eru til markmið fyrir næstu ár og því tímabært fyrir skólann að setja sér ný markmið varðandi einkunnir.

3.2.3 Brottfall

Tekin hefur verið upp ný aðferð til að mæla og meta brottfall úr áföngum sem gefur aðrar tölur en notaðar hafa verið síðustu ár, því er samanburður ómarktækur og verður ekki settur fram hér. Ekki hafa verið sett fram ný markmið en út frá tölum skólaársins 2018-2019 er hægt að gera sér betur grein fyrir niðurstöðum þessarar nýju mæliaðferðar. Brottfall á haustönn 2018 var 13,4% en á vorönn 2019 var brottfallið 13,1%. Markmið skólans er alltaf að gera betur ár hvert og því gott að stefna á það að bæta þessar tölur á næstu árum.

3.3 Stjórnun og skipulag

3.3.1 Stefna og áætlanir

Ekki er til stefna eða framtíðarsýn hjá skólanum.


Staða á öðrum þáttum:

- Starfsmannastefna: Ekki til
- Jafnréttisstefna: Er almenns eðlis og gildir til 2019.
- Umhverfisstefna: Þarf að vinna í.
- Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum: Skólinn er þátttakandi í Heilsueflandi framhaldsskóla sem mótar stefnu skólans.
- Eineltisstefna: Er til og gildir til 2019
- Áfallaáætlun: Er til en er ekki aðgengileg á heimasíðu og þarf því að setja hana þar inn.

3.3.2 Stjórnendur

Hér að neðan má sjá niðurstöður úr könnuninni „Stofnun ársins“.

Ítarlegar niðurstöður - Stjórnun *



Tölur í sviga sýna breytingu á meðaltali stofnunar frá síðasta ári.

3.3.3 Innra mat


Starfrækt er sjálfsmatsnefnd innan skólans sem skipuð er á hverju skólaári. Í henni sitja starfsmenn sem sinna innra mati samkvæmt áætlun skólans. Horft er á nokkur ár fram í tímann og ákveðin þættir skoðaðir ár hvert. Sumir þættir, eins og mætingar, eru kannaðir hvert ár en aðrir þættir eru skoðaðir á nokkurra ára fresti.

3.4 Skólabragur

3.4.1 Líðan nemenda

Það er markmið skólans að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum, þannig náum við árangri í því sem við erum að gera. Fyrirtækið Rannsókn & greining gerði könnun meðal framhaldsskólanema haustið 2018. Niðurstöður fyrir framhaldsskólann á Laugum sýna í þessari könnun að nemendur séu almennt bjartsýnni en aðrir framhaldsskólanemendur og eiga auðvelt með að takast á við þau vandamál sem mæta þeim á degi hverjum.

Líðan og heilsa



Mynd 24. Hlutfall framhaldsskólanema sem segja að eftirfarandi staðhæfingar hafi oft eða alltaf átt við síðustu tvær vikur fyrir könnun: Ég hef litið bjartsýnum augum til framtíðarinnar; Mér hefur þótt ég gera gagn; Ég hef verið afslöppuð/afslappaður; Mér hefur gengið vel að takast á við vandamál, árið 2018.

4. Eftirfylgni sjálfsmats

4.1 Samantekt

Það er von sjálfsmatsnefndar að það sem fram kemur í þessari skýrslu nýtist skólastjórnendum og starfsfólki við að leggja mat á skólastarfið og bæta það. Sjálfsmatsnefndin hvetur til þess að skýrslan birtist á heimasíðu skólans, aðgengileg öllum. Mikilvægt að stjórnendur skólans fari yfir áfangamat hvers áfanga, til þess að ræða við viðkomandi kennara í starfsmannaviðtali næsta árs. Með því móti er líklegt að þróun og framfarir verði í einstaka áföngum og kennslunni í heild sinni.

Í niðurstöðum sem komið hafa fram hér í skýrslunni má finna marga jákvæða punkta. M.a. að nemendum virðist almennt líða mjög vel á Laugum samanbúið við nemendur annars staðar. Einnig eru kennarar ánægðir með flest sem snýr að þeim og virðast vera jákvæðir er varðar kennsluformið og skipulagið í starfinu.

Mæting hefur dalað frá fyrra ári og einnig er meðaleinkunn nemenda lægri. Helst þetta tvennt oftast en ekki í hendur og því er nauðsynlegt fyrir stjórnendur skólans að vinna ötullega að því að bæta mætingu og finna leiðir til að efla metnað og vinnusemi nemenda.

Skólinn sinnir skyldum sínum ágætlega er varðar áætlanir og vinnu við „ytri þætti“ í skólastarfinu. Þ.e. þá hluti sem snúa ekki beint að kennslu heldur meira að hinu daglega amstri. Þó má alltaf bæta sig og þarf að skoða þá vinnu að endurnýja og yfirfara sumar áætlanir sem komnar eru á tíma, auk þess sem setja þarf ný viðmið og markmið er varða mætingu, brottfall og meðaleinkunn.

4.2 Sjálfsmatsáætlun 2017-2021

Sjálfsmatsteymi setti saman langtímaáætlun um innra mat í skólanum fram til ársins 2021. Þar eru tíunduð þau viðfangsefni sem mælt er með að séu skoðuð og ákveðið hvenær þau eru metin. Sumt er metið á þriggja til fjögurra ára fresti meðan nokkrum þáttum er fylgt eftir á hverju ári. Hafa ber í huga að vinna þarf að nýrri langtímaáætlun næsta vetur.

Langtímaáætlun um innra mat er að finna í fylgiskjali.

4.3. Gátlistar fyrir sjálfsmatsteymi

Eitt af viðfangsefnum sjálfsmatsteymis skólaársins 2016-2017 var að þróa og skýra verkferla fyrir innra mat. Ljóst er að halda þarf þeirri vinnu áfram á næsta skólaári en henni miðaði lítið áfram.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni verði á hendi sjálfsmatsteymis hverju sinni.

Verkþáttur:	Tímasetningar:
Gera áætlun fyrir mat komandi skólaárs	Í upphafi skólaárs
Yfirfara gátlista fyrir mat á skólanámskrá	Ljúka fyrir lok haustannar
Yfirfara gátlista fyrir kennsluáætlanir	Ljúka áður en 3 vikur eru liðnar af hverri önn
Áfangamat lagt fyrir í völdum áföngum	Í lok hverrar annar
Leggja fyrir kannanir og afla upplýsinga sem við á hverju sinni	Yfir skólaárið
Fylgja eftir eldri umbótaáætlun	Yfir skólaárið, samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í umbótaáætluninni
Gera nýja umbótaáætlun	Í lok skólaárs
Endurskoða langtímaáætlun um innra mat	Í lok skólaárs
Skila sjálfsmatsskýrslu	Í lok skólaárs

4.4 Eftirfylgni úrbóta

Úrbótaáætlun 2018 – **Rautt** (ekki verið gert), **Grænt** (hefur verið unnið í)

- Stjórnendum skólans er nú kleift, ef þörf er talin á, að setja skólanum ný markmið á ýmsum sviðum, þ.m.t. mætingum, einkunnum og brottfalli. Önnur leið er einfaldlega að stefna að bætingu í öllum þáttum. Mætingar eru betri m.v. fyrri ár, einkunnir breytast lítið sem og brottfall.
- **Vinna þarf áfram að samstarfi við aðra framhaldsskóla og atvinnulíf.**
 - *Eitthvað hefur verið unnið í þessum þætti en betur má ef duga skal*
- Þó líðan nemenda sé betri en áður er það þáttur sem sífellt þarf að huga að. Því miður virðist það vera að of mörgum starfsmönnum líður illa í vinnunni og það þarf að leggja á eitt um að bæta það.
- **Aðgengi að kennurum í námstímum er ábótavant.**
 - *Ekki skoðað nákvæmlega en skólinn hefur það að stefnu að bæta við sérstökum vinnustofukennara sem yrði aðgengilegur í öllum námstímum.*
- **Starfsaðstaða kennara er ekki góð en til stendur að bæta hana.**
 - *Búið er að laga starfsaðstöðu kennara og er hún nú til fyrirmyndar*
- **Upplýsingaflæði innan skólans er hægt að bæta.**
 - *Búið að bæta mjög upplýsingaflæði og passa þarf að halda þeirri vinnu áfram*
- **Ekki er starfandi foreldraráð við Framhaldsskólann á Laugum.**
 - *Ekki hefur enn verið stofnað foreldraráð*
- **Ekki hafa verið tekin starfsmannaviðtöl undanfarin ár og úr því þarf að bæta.**
 - *Starfsmannaviðtöl fóru fram þetta skólaárið*

4.5 Úrbótaáætlun

Helstu niðurstöður sem huga þarf að og finna leiðir til úrbóta eru:

- Skólinn þarf að setja sér skýr markmið til framtíðar um árangur í námi, mætingum og virkni nemenda. Þessi markmið þurfa að vera raunhæf og endurspegla það sem stjórnendur og starfsmenn skólans vilja ná fram. Einnig þurfa markmiðin að vera sýnileg öllum starfsmönnum skólans og þeim haldið á lofti sem sameiginlegt viðmið allra starfsmanna til að vinna í sömu átt.
- Passa þarf að stefnur og áætlanir á heimasíðu skólans séu uppfærðar og endurbættar reglulega.
 - Áætlun um einelti gildir til 2019.
 - Engin áfallaáætlun sýnileg á heimasíðu.
 - Jafnréttisstefna gildir til 2019.
 - Engin umhverfisstefna til svo vitað sé.
 - Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum er ekki til en skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og mætti skerpa á þeirri vinnu og nýta til að móta slíka áætlun.
 - Starfsmannastefna ekki til.
- Vinna þarf að bættri líðan nemenda og passa að fylgjast vel með þeim þætti skólastarfsins.

Viðauki

Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá

Sjálfsmatsteymi yfirfer gátlista þennan einu sinni á ári. Því skal vera lokið fyrir lok haustannar.

Farið er yfir hvort eftirfarandi atriði skólanámskrár eru aðgengileg á heimasíðu skólans og hvort þurfi að uppfæra þær eða breyta.

Gátlisti: Innihald skólanámskrár	Já	Nei	Athugasemdir
Sérstaða skólans	x		
Stefna skólans og framtíðarsýn		x	
Árleg starfsáætlun skóla			
Skólanefnd	x		
Skólaráð	x		
Starfsmannastefna			
Jafnréttisstefna	x		Almenn eðlis gildir til 2019
Umhverfisstefna		x	þarf að vinna í
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum		x	Skólinn er þátttakandi í Heilsueflandi framhaldsskólinn en vantar að setja inn link á heimasíðuna um það verkefni.
Áætlun um einelti	x		Gildir til 2019
Áfallaáætlun		x	Ekki formlegt inn á síðu
Námsbrautalýsingar	x		
Áfangalýsingar	x		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, námsver og fjarnám	x		
Námsaðstaða og aðbúnaður við nemendur	x		
Þjónusta við nemendur: leiðsögn, námsráðgjöf og sértæk námsúrræði	x		
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag	x		Kemur að einhverju leyti fram í reglum og markmiðum skólans.
Félagslíf nemenda		x	Ekki aðgengilegt á opinberri heimasíðu skólans en þar sem skólinn er heimavistaraskóli þá sér nemendafélagið um félagslíf og þeir eru með heimasíðu þar sem upplýsingar er að finna. Mætti vera linkur á þá síður á laugar.is
Almennar skólareglur	x		
Heimavistarreglur	x		
Skólasóknarreglur	x		
Viðurlög við brotum á skólareglum	x		
Verklagsgeglur um meðferð og úrlausn mála	x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögdri	x		Aðgengi sýnilegt eins og viðtalstími, netfang og svoleiðis.
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nærsamfélag	x		Kemur að einhverju leyti fram í fréttum en hvergi skýrt á heimasíðunni og það væri gott að laga.
Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati		x	Til en ekki aðgengilegt á heimasíðu
Matsáætlun fyrir skólaárið	x		

Langtímaáætlun fyrir innra mat

Viðfangsefni	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Gátlisti fyrir mat á skólanámskár	x	x	x	x
Kennsla og námsframboð:				
Nám og kennsla (áfangamat)	x	x	x	x
Stuðningur við nemendur	x			
Kennsluaðstæður				x
Námsver		x		x
Námsmat	x			
Kennarar			x	
Námsgögn			x	
Lykilárangur:				
Námsárangur (meðaleinkunnir)	x	x	x	x
Árangur í grunnþáttum				x
Langtímaárangur				x
Stjórnun og skipulag:				
Stefna og áætlanir			x	
Stjórnendur			x	
Skipulag, verkferlar og verklagsreglur			x	
Innra mat			x	
Skólabragur:				
Skólabragur		x		
Líðan nemenda	x	x	x	x
Starfsandi		x		
Félagslíf nemenda		x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn		x		
Samskipti við önnur skólastig og atvinnulíf		x		
Húsnæði, búnaður og mótuneyti:				
Mötuneyti				x
Heimavist				x
Húsnæði				x
Eftirfylgni úrbóta	x	x	x	x
Gerð nýrrar úrbótaáætlunar	x	x	x	x